

## Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er kveðið á um sex grunnþætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þeir varða starfshætti skóla, inntak og umhverfi náms og er ætlað að vera leiðarljós og skapa samfellu í öllu skólastarfi.

### 1. Hvernig má tryggja að grunnþátturinn JAFNRÉTTI komi fram og endurspeglis í?

- a) Inntaki námsgreina / námssviða og kennslufræði þeirra
  - b) Starfsháttum skóla og menningu þeirra
- a. Hugtakið rætt - fyrirmyndir alla leið. Samfélagið oft mótað af viðhorfum sem eru strákavæn, t.d strákum oftar falin ábyrgðastörf eða að vera í forsvari. Þetta þarf að laga. Fyrirmyndir skipta líka máli í skólanum sem vinnustað og því þarf að gera bæði kynin sjáanleg t.d. í stjórnunarstörfum. Líta þarf á jafnrétti í heild ekki bara á milli kynjanna heldur líka milli þjóðfélagshópa. Látja jafnréttishugsjónina skýna í gegn í inntaki námsgreina og skólastarfinu öllu. Skóli án aðgreiningar.
- b. Móta þarf jafnréttisstefnu/jafnréttisáætlun í skólum. Það er mjög mikilvægt að fólk geti rætt saman um jafnréttismálin og það hvort áætlun/stefnu hvers skóla sé fylgt. Mikilvægt að jafnréttisfræðsla fari fram í hverri námsgrein, í öllu skólastarfi og jafnvel á göngunum. Jafnframt er mikilvægt að borin sé virðing fyrir réttindum allra í skólastarfinu í heild. Endurskoða þarf stöðu jafnréttismála í hverjum skóla fyrir sig og ræða hana reglulega

**2 Hvað þarf til þess að öflug jafnréttismenntun eigi sér stað?  
(Reynsla, hugmyndir og leiðir)**

Nýta utanaðkomandi miðla (t.d frá öðrum menningarheimum) eins og tónlist, tölvuleiki, sögur og annað til að efla umræðu og umfjöllun um jafnrétti. Búa til upplýsingabanka með fræðsluefni sem hægt sé að nýta til jafnréttisfræðslu, t.d. heimasíðu. Til eru ýmsar síður nú þegar (jafnrétti í skólum, jafnrétti.is). Huga þarf að alls konar jafnrétti ekki bara jafnrétti kynjanna. T.d. í trúmálum, íþróttum og milli mismunandi menningarheima. Gott er að fá foreldra með og jafnvel samfélagið allt . Jafnréttismenntun vinnur á móti fordómum og kennir mikilvægi þess að jöfn virðing sé borin fyrir öllum.

**3 Hugmyndir um aðferðir til að auka menntun til jafnréttis þvert á námsgreinar/námssvið?**

Flétta jafnrétti inn í námsgreinar. Efla samstarf um jafnrétti meðal starfsfólks. Rætt var um hvort nýta eigi fög eins og heimilisfræði til að taka upp umræðu um jafnréttismál. Kenna þyrfti jafnréttisfræði frá byrun, þ.e. frá unga aldri og gera þá umræðu eðlilegan hluta af daglegri umræðu.

**4 Annað sem skiptir máli**

Þsað þarf að vekja áhuga starfsfólks og nemenda á spurningunni. „Hvað er jafnrétti“?. Muna þarf að jafnrétti er ekki eins fyrir alla. Ágætt að velta fyrir sér spurningunni „Hvað er jafnrétti og hvar endar það hugtak“?

